

Hverfisnefnd Naustahverfis

50. fundur, 3. sept. 2013

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Sveina Björk Jóhannesdóttir, Ásdís Birgisdóttir og Gísli Rúnar Magnússon.

Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð.

1. Úthlutun peninga til umhverfismála til hverfisnefnda bæjarins

Hverfisnefnd Naustahverfis áætla að þeirra fjármagn fari í leiksvæði/grendarvöll við Ljómatún. Ljóst að það þarf að fara í hönnunarvinnu sem fyrst. Ákveða þarf hvernig best er að hafa svæðið svo best henti vegna snjóalaga og vinds.

Bjarni og Anna Sjöfn fara á fund með Jóni Birgi og funda um þessi mál.

2. Naustaskóli

Framkvæmdir þar enn og aftur. Verið að vinna við bílastæði og nýtt anddyri. Hverfisnefnd veltir fyrir sér hvað meira á að gera við skólann þetta haustið. Það er t.d. ljóst að ganga þarf frá sleppisvæðum við Kjarnagötu og Lækjartún til að takmarka umferð á bílastæði skólans. Einnig skorar hverfisnefnd á bæjaryfirvöld að flýta lokafrágangi skólahúsnæðis og skólalóðar.

3. Hjólatúr hverfisnefndar

Enginn hjólatúr var farinn í vor til að skoða hvað mætti betur fara í hverfinu. Stefnum að því að taka hausttúr að þessu sinni. Hittumst við Bónus kl. 18:00 þriðjudaginn 10. sept.

4. Aðalfundur hverfisnefndar

Stefnum að því að halda aðalfund um miðjan október. Fimmtudagurinn 17. okt. kemur sterklega til greina. Höldum hverfisnefndarfund 8. okt. til að skipuleggja aðalfund.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:30.